



Atvinna

Markmið 1: Að stuðla að öfluggu atvinnulífi.



Forsendur. Á undanförunum áratugum hafa orðið miklar breytingar á vægi atvinnugreina í þróaðri ríkjum. Iðnaðarsamfélagið hefur smám saman verið að víkja fyrir þjónustu- og háætknisamfélaginu. Þessarar þróunar er farið að gæta á Íslandi, einkum í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu, og sýnt að áfram verða verulegar breytingar á mikilvægi einstakra atvinnugreina. Í áætlunum, sem unnar hafa verið fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, er gengið út frá þeirri forsendu að störfum í háætknigreinum fjölgi um 700% til ársins 2024, verslunarstörfum fjölgi um 26% en fjöldi starfa í iðnaði haldist óbreyttur. Í þeim áætlunum er gengið út frá því að landfrekari athafnir viki alfarið af svæðinu vestan Elliðaáa, að hafnarsvæðunum undanskildum, og á því svæði verið lögð höfuðáhersla á uppbyggingu hinna nýju atvinnugreina háætkni og þekkingar. Þessi stefna er í takt við þróun sem nú þegar er hafin í Reykjavík og er í takt við alþjóðlega þróun í skipulagi borga. Á grundvelli fyrrnefndra áætlana svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að störfum fjölgi úr 73 þúsund störfum árið 1998 í 87 þúsund störf árið 2024 í Reykjavík, eða um 14 þúsund störf. Vegna breytinga á landnotkun og tilfærslu starfa má búast við því að byggja þurfi nýtt atvinnuhúsnæði fyrir um 18 þúsund störf.



A. Efla megingkjarna borgarinnar, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls.


Miðborg Reykjavíkur (M1) er miðstöð stjórnsýslu, viðskipta, menningar og sögulegrar arfleifðar þjóðarinnar. Efling miðborgarinnar er mikilvægasta atriðið í að styrkja hlutverk Reykjavíkur sem höfuðborgar og lyklatríði í þróun Reykjavíkur sem alþjóðlegar borgar. Sem höfuðborg hefur miðborg Reykjavíkur hýst allar helstu stjórnsýslu- og menningarstofnanir landsins. Stefnan er að stuðla að enn frekari samþjöppun þeirra í miðborginni. Þær ríkisstofnanir, sem ekki rúmast í miðborginni, verða fyrst og fremst staðsettar á svæðinu frá Hlemmi að Grensásvegi (M2) og á Borgartúnssvæðinu (sjá M5). Á miðsvæðum, sem tilheyra skilgreindum megingkjarna (M1-M4), skulu iðnaður og önnur landfrek starfsemi almennt vera vikjandi fyrir verslun, þjónustu og skrifstofum.

B. Styrkja framgang þróunaráætlunar miðborgar. Framgangur þróunaráætlunar miðborgarinnar er tryggður með markvissum skilmálum fyrir miðsvæði, nýjum íbúðarsvæðum í grennd við miðborgina (landfylling við Eiðsgranda og Vatnsmýri) og almennt með þéttingu íbúðarbyggðar og atvinnusvæða á miðborgarsvæðinu.

C. Skapa rými fyrir fjölbreytta verslun. Verslun og þjónusta eru mikilvægustu greinar atvinnulífsins í Reykjavík í dag og þær munu áfram eflast með auknum íbúafjölda svæðisins, bættum samgöngum við nærliggjandi landshluta og auknum fjölda erlendra ferðamanna. Um hvert miðsvæði (M1-M8) gildir ákveðin stefnumörkun varðandi verslun. Í miðborginni (M1) og Kringlunni (M4) er fyrst og fremst gert ráð fyrir sérvöruverslunum sem ekki eru rýmisfrekar. Á svæðinu frá Hlemmi að Skeifu (M2, M3) er gert ráð fyrir rýmisfrekari smásöluverslunum. Í Hálsa- og Höfðahverfum (M6) er gert ráð fyrir uppbyggingu umboðs- og heildverslana ásamt rýmisfrekum smásöluverslunum. Í nýjum kjarna í Hamrahlíð (sjá M8) verður blanda af rýmisfrekum smásöluverslunum og sérvöruverslunum.

D. Efla miðkjarna í einstökum borgarhlutum. Gengið er út frá þeirri hugmyndafræði að hver borgarhluti hafi öflugan miðkjarna, þar sem íbúar borgarhlutans sækja daglega verslun, þjónustu, afþreyingu, menningu og atvinnu. Slíkir miðkjarnar geta þjónað viðtækara hlutverki sbr. miðsvæði innan skilgreinds megingkjarna (M1-M4) á Nesinu. Austan Elliðaáa þjóna Mjóddin,

Spöngin og væntanlegir kjarnar í Hamrahlíð og í Gufunesi hlutverki miðkjarna fyrir íbúa viðkomandi svæða.



E. Skapa rými fyrir starfsemi í þekkingar-, tækni og viðskiptageiranum.

Mikill vöxtur hefur verið í hátæknigreinum á undanföllum árum. Útflutningsverðmæti í hugbúnaðargerð eru komin yfir 2 milljarða á ári þó aðeins séu 9 ár liðin frá því útflutningur á hugbúnaði hófst. Störfum í hugbúnaðargerð hefur einnig fjölgað ört á síðustu árum. Gera má ráð fyrir áframhaldandi vexti.

Reynslan sýnir að hátæknifyrirtæki hafa tilhneigingu til að mynda kjarna og þá oft í nálægð við rótgróin þekkingarfyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskóla. Í aðalskipulaginu er skilgreint miðsvæði í nálægð við Háskóla Íslands þar sem ákjósanlegt er að byggja upp þekkingarþorp. Í slíku þekkingarþorpi, sem nú þegar hafa verið lögð drög að, yrði blanda af rannsóknastofnunum á vegum Háskólans og opinberra aðila og hátæknifyrirtækja á vegum einkaaðila. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir þeim möguleika að í Vatnsmýrinni geti byggst upp samfelld atvinnusvæði frá Háskóla Íslands að Landspítalanum sem einkum hýsti starfsemi á sviði rannsókna og vísinda, hátækni og líftækni. Auk uppbyggingar í Vatnsmýrinni er gert ráð fyrir að sérhæfð þekkingarfyrirtæki geti myndað kjarna í landi Keldna.

Reykjavík er fjármálamiðstöð landsins. Með breytingum á starfsumhverfi fjármálalífsins á undanföllum árum, alþjóðavæðingu þess og almennt auknu frelsi í viðskiptum hefur fyrirtækjum á sviði fjármála fjölgað og eldri hafa eflst og fært út kviarnar. Innan Reykjavíkur eru þessi fyrirtæki einkum staðsett við Suðurlandsbraut-Ármúla, Borgartún-Kirkjusand og í miðborg Reykjavíkur. Samþjöppun á fjármálastarfsemi, eins og tíðkast í flestum stærri borgum, getur haft mjög jákvæð áhrif á nærliggjandi umhverfi og mikilvægt að slík hverfi séu innan miðborgar eða í jaðri hennar. Í aðalskipulaginu eru sköpuð vaxtarskilyrði fyrir slíka starfsemi í Borgartúni-Kirkjusandi og á Skúlagötusvæðinu.

F. Skapa rými fyrir fjölbreytta athafna- og þjónustustarfsemi. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri athafnastarfsemi í bland við ýmsa þjónustustarfsemi í Hálsa- og Höfðahverfi (A2).

G. Skapa rými fyrir landfrekar atvinnugreinar. Í aðalskipulaginu er sú stefna tekin að iðnaður og önnur landfreak starfsemi verði víkjandi á Nesinu. Það er í samræmi við þróun atvinnuuppbyggingar í Reykjavík á undanföllum árum. Á núverandi hafnarsvæðum á Nesinu er þó áfram gert ráð fyrir frekari uppbyggingu landfreakra athafna og iðnaðar enda gegnir Reykjavíkurhöfn margþættu og veigamiklu hlutverki fyrir landið allt á sviði vöruflutninga og sjávarútvegs. Til að tryggja áfram öflugna atvinnuuppbyggingu í Reykjavík í tengslum við höfn er gert ráð fyrir fjölnota höfn í Eiðsvík sem er í góðum tengslum við rúmgóð athafna- og iðnaðarsvæði í Geldinganesi. Enn fremur er gert ráð fyrir athafnasvæðum fyrir landfreaka starfsemi á nýju svæði við Suðurlandsveg, í Hólmsheiði, og á Esjumelum við Vesturlandsveg.

H. Stuðla að sérhæfingu atvinnusvæða. Mikilvægur hlekkur í því að skapa öflug atvinnusvæði er að skilgreina þrengra en áður hvaða starfsemi er leyfilega á hverju svæði og hvaða lágmarkskröfur eru gerðar til hins byggða umhverfis, til bygginganna sjálfra og þess umhverfis sem er á milli þeirra. Sérhæfðari atvinnusvæði leiða til meiri stöðugleika og auka líkurnar á að myndist klasi fyrirtækja á ákveðnu sviði sem aftur laðar að sér fleiri fyrirtæki á viðkomandi sviði. Með aukinni sérhæfingu atvinnusvæða er enn fremur auðveldara að skapa samstöðu um ákveðið heildaryfirbragð viðkomandi svæðis. Í aðalskipulaginu eru flest atvinnusvæði skilgreind nánar en skipulagsreglugerð kveður á um, einkum miðsvæði og hafnar- og athafnasvæði.